

Forsætisráðuneytið  
Skrifstofa löggjafarmála  
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg  
101 Reykjavík

Umsögn undirritaðs um mál S-128/2019/Drög að stjórnarskrárákvæði um auðlindir í náttúru Íslands  
29.06.2019

### **Inngangur**

Á hvaða vegferð eru formenn og stjórnmalaflokkar í lýðræðisríki sem ganga gegn vilja þjóðar?  
Tillögur Stjórnlagaráðs um nýja stjórnarskrá var borin undir samþykki þjóðar þann 20.10.2012 og samþykkt af yfirgnæfandi meirihluta kjósenda og ber Alþingi því að leiða í lög vilja þjóðar.

### **Hrunið og Búsáholdabyltingin**

Ríkisstjórn og Alþingi voru illa starfhæf og komust stjórnmalamenn ekki hjá því að heyra háværar kröfur fólksins sem barði potta og pönnur á Austurvelli og víðar um land eftir hrun og kröfðust m.a. nýrrar stjórnarskrár og að ráðsmenn öxluðu ábyrgð og létu af völdum. Alþingi hafði ítrekað reynt að endurskoða stjórnarskrána frá 1944 en ekki getað lokið því vegna misklíðar og ósættis. Öllum hugsandi mönnum var löngu ljóst að sérhagsmunaöfl höfðu æ ríkari hag af aðhaldslitlum leikreglum gömlu stjórnarskrárinnar í öndvegi við þjóð sem nú lá í sárum hrunsins. Tugþúsundir Íslendinga misstu heimili sín, lífsafkomu og hrökkluðust úr landi. Nú, tíu árum síðar, eru bankar enn að bera fjölskyldur af heimilum sínum. Rannsóknarnefnd Alþingis (RNA-skýrslan, 2010, 8. bindi, bls. 184) setti hrunið í samhengi við stjórnskipunina og tók undir kröfur fólksins í landinu um endurskoðun stjórnarskrárinnar.

**Svohljóðandi er einróma ályktun Alþingis frá 28. október 2010.:**

**„Alþingi ályktar að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis verði höfð að leiðarljósi í framtíðinni, ... að taka verði gagnrýni á íslenska stjórnmalamenningu alvarlega,...að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis sé áfelliðómur yfir stjórnvöldum, stjórnmalamönnum og stjórnsýslu, verklagi og skorti á formfestu.“**

**Um Íslenska stjórnmalamenningu:** Rannsóknarnefnd Alþingis (2010, 8.bindi, bls. 179) II. 5  
„Þau dæmi sem tekin hafa verið hér að framan um viðbrögð og verklag í íslensku stjórnkerfi eru til marks um ákveðna stjórnmalamenningu. Eitt einkenni hennar er að foringjar eða oddvitar flokkanna leika lykilhlutverk en hinn almenni þingmaður er atkvæðalítill. Um það segir íslenskur stjórnmalamaður með langan feril úr pólitíkinni: -„Auðvitað er það svo að flokksræðið nánast í öllum stjórnmalaflokkunum hefur þróast í ofurvald foringjans og klíkunnar. Þess vegna er lýðræðið okkar svona brothætt og veikt og ég velti því fyrir mér hvort í rauninni þurfi ekki að stíga mörg sterk skref vegna þessarar reynslu til að tryggja sterkari stjórnmalamenn og minna foringjaræði.“- Stjórnmalamenn draga hins vegar ávallt dóm af þeirri stjórnmalamenningu sem þeir lifa og hrærast í. Séu stjórnsmálaráðgjafar þeir og stjórnkerfið veikt geta sterkir stjórnmalamenn verið varasamir. Í foringjaræði verður hlutur löggjafarþingsins einkum að afgreiða mál sem undirbúin hafa verið í litlum hópi lykilmanna. Þannig gegnir þingið formlegu löggjafarhlutverki sínu, en bæði umræðuhlutverkið og eftirlitshlutverkið eru vanrækt.“

## **Síðan segir í skýrslu RNA á bls.180 Rannsóknarnefnd Alþingis (2010, 8. bindi, bls. 180)**

„Mikið ráðherraræði eykur líkurnar á gerræðislegum ákvörðunum sem efla vald viðkomandi stjórnámamanns. Þetta helst gjarnan í hendur við þrönga sýn á lýðræðið sem felst í því að stjórnámamenn beri verk sín reglulega undir dóm kjósenda og þess á milli eigi þeir að hafa frjálssar hendur um það hvernig þeir fara með völd sín, svo lengi sem þeir halda sig innan ramma laganna. Þetta er afar þröng sýn á lýðræðislegt lögmæti stjórnarháttanna. Það er mikilvægur hluti af lýðræðislegum stjórnarháttum að haga ákvörðunum stjórnvalda jafnan þannig að þær standist skoðun og séu teknar í sæmilegri sátt við þá sem málið varðar. Frá því sjónarmiði séð krefjast lýðræðislegir stjórnarhættir þess að mál séu faglega undirbúin, ígrunduð og vel kynnt, en ekki bara að verk stjórnámamanna séu lögð í dóm kjósenda í lok kjörtímabils.“

## **Ályktanir og lærdómar: Rannsóknarnefnd Alþingis (2010, 8. bindi, bls. 184)**

„Íslensk stjórnámamening er vanþroskuð og einkennist af miklu valdi ráðherra og oddvita stjórnarflokkanna. Þingið rækir illa umræðuhlutverk sitt vegna ofuráherslu á kappræðu þar sem þekking og rökræður víkja fyrir hernaðarlist og valdaklækjum. Þingið er líka illa í stakk búið til þess að rækja eftirlitshlutverk sitt, meðal annars vegna ofríkis meirihlutans og framkvæmdarvaldsins, sem og skorts á faglegu baklandi fyrir þingið. Skortur á fagmennsku og vantrú á fræðilegum röksemdum er mein í íslenskum stjórnámum. Andvaraleysi hefur verið ríkjandi gagnvart því hvernig vald í krafti auðs hefur safnast á fárra hendur og ógnað lýðræðislegum stjórnarháttum.“

## **Lærdómar: Rannsóknarnefnd Alþingis (2010, 8. bindi, bls. 184):**

„Leita þarf leiða til þess að styrkja siðferðisvitund stjórnámamanna og auka virðingu þeirra fyrir góðum stjórnsiðum. Í því skyni þyrftu þingmenn meðal annars að setja sér siðareglur og skýra þar með fyrir sjálfum sér og almenningi hvernig þeir skilja meginskyldur sínar og ábyrgð.“

„Draga þarf úr ráðherraræði og styrkja eftirlitshlutverk Alþingis.“

„Efla þarf góða rökræðusiði meðal þjóðarinnar og kjörinna fulltrúa hennar. Í því skyni þyrfti að vinna skipulega að því í skólum landsins að búa nemendur undir þáttöku í lýðræðissamfélagi með þjálfun í málefnalegri rökræðu og skoðanaskiptum.“

“Taka þarf stjórnarskrána til skipulegrar endurskoðunar í því skyni að treysta grundvallaratriði lýðræðissamfélagsins og skýra betur meginskyldur, ábyrgð og hlutverk valdhafa.”

## **Þetta sagði Mr Paul M Thompsen frá Alþjóða Gjaldeyrissjóðnum er hann kom til Reykjavíkur 2008.:**

„When I traveled to Reykjavik in October 2008 to offer the IMF's assistance, the situation there was critical. The country's three main banks—which made up almost the entire financial system—had just collapsed within a week of each other. The sense of fear and shock were palpable—few, if any, countries had ever experienced such a catastrophic economic crash.

„The seriousness of the situation was such that the IMF Mission Chief Iceland, Paul Thomsen, described the Iceland crash as unprecedented and near death experience.“

Þjóðin mátti þola þungar búsiðjar hrunsins sem höfðu djúpstæð áhrif á alla. Auðmýkt og skömm einkenndi stjórnámastéttina sem mátti horfast í augu við misgjörðir sínar næstu misseri og ár á eftir. Eftir að rykið settist fórum við að öðlast trú á endurreisnina. Fæðing nýja Íslands varð einhvernvegin sameiginlegur draumur okkar allra.

## **Þjóðfundurinn**

Þjóðfundinn sóttu 950 manns af landinu öllu, 18 ára til 91 árs, karlar og konur í því sem næst jöfnum hlutföllum. Sjö manna stjórnlaganefnd, skipuð af Alþingi, lagði grunn að skipulagi þjóðfundarins undir forustu Guðrúnar Pétursdóttir líffræðings og formanns nefndarinnar og birti helstu niðurstöður hans. **Breið samstaða náðist meðal allra flokka á Alþingi um skipun stjórnlaganefndar og var engin flokkur undantekning í því efni.** 950 þátttakendur voru valin af handahófi úr þjóðskrá sem tryggði að niðurstöður þjóðfundarins endurspeglaði vilja þjóðarinnar í tölfræðilega marktækum skilningi. Tilurð, skipulag og viðurkennd aðferðafræði þjóðfundarins endurspeglaði því lýðræðið í hnotskurn. **Um þetta voru allir flokkar, Alþingi og almenningur sammála.** Íslendingar 18 ára og eldri áttu jafna möguleika til setu á þjóðfundinum og leggja þar með grunninn að nýrri stjórnarskrá. **Hlutverk Stjórnlagaráðs var í reyndinni ekki annað en að færa niðurstöður þjóðfundarins í nothæfan frumvarpsbúning. Stjórnlagaráð taldi það skyldu sína að virða niðurstöður þjóðfundarins að megininntaki. Það tókst með smávægilegum frávikum.**

## **Þjóðaratkvæðagreiðslan 20.10.2012 er niðurstaða þjóðfundarins 2010, útfærð af stjórnlagaráði:**

Fræðasamfélag vesturlanda er samróma um að aðdragandi og tilurð þjóðfundarins sé ein af merkari lýðræðishreyfingum síðari tíma en aðdragandi hans var hvorki sársaukalaus né án tilefnis. Íslenska fjármálakerfið hrundi með afleiðingum sem áttu sér enga hliðstæðu meðal vestrænna þjóða á friðartímum. Alþjóða Gjaldeyrissjóðurinn skipulagði neyðarbjörgun og lagði línur að endurreisn hagkerfisins.

**Árið 2010 var kosið til Stjórnlagabings. Hæstiréttur Íslands ógilti kosninguna án þess að sýnt væri fram á að framkvæmd kosninganna hefði haft einhver áhrif á niðurstöðuna. Stjórnlagabing varð þannig Stjórnlagaráð og umboðið frá þjóðinni var þar af leiðandi óhaggað.**

## **28. júlí 2011 samþykkti stjórnlagaráð eftirfarandi:**

„Við sem byggjum Ísland viljum skapa réttlátt samélag þar sem allir sitja við sama borð. Ólíkur uppruni okkar auðgar heildina og saman berum við ábyrgð á arfi kynslóðanna, landi og sögu, náttúru, tungu og menningu.

Ísland er frjálst og fullvalda ríki með frelsi jafnrétti, lýðræði og mannréttindi að hornsteinum.

Stjórnvöld skulu vinna að velferð íbúa landsins, efla menningu þeirra og virða margbreytileika mannlífs, lands og lífríkis.

Við viljum efla friðsæld, öryggi, heill og hamingju á meðal okkar og komandi kynslóða. Við einsetjum okkur að vinna með öðrum þjóðum að friði og virðingu fyrir jörðinni og öllu mannkyni.

Í þessu ljósi setjum við okkur nýja stjórnarskrá, æðstu lög landsins sem öllum ber að virða.

**Undirritaður leyfir sér að vitna í grein Ragnars Aðalsteinsson Hrl í Vísi þann 23.03.2016 en þar skrifar Ragnar eftirfarandi álit um auðlindaákvæði starfs stjórnarkrárnefndar Alþingis sem hóf störf 2013 og skilaði af sér 2016.:**

„Ákvæði Stjórnlagaráðs var samið af óháðum og sjálfstæðum fulltrúum, sem þjóðin hafði til þess kjörið, og Alþingi svo skipað eftir ógildingu Hæstaréttar á grundvelli formsatriða. Ráðið vann verkefnið fyrir opnum tjöldum og tók sjónarmiðum almennings opnum örmum og gaumgæfði þau. Ráðsmenn komust að sameiginlegum niðurstöðum um efni og orðalag nýrrar stjórnarskrár fyrir landið. Stjórnarskrárfrumvarpið var þannig samið á lýðræðislegan hátt. **Þeim, sem hafa hug á að**



## **Tillaga Stjórnlagaráðs**

### **Eftirfarandi er óbreytt og orðrétt tillaga Stjórnlagaráðs frá 2012 (34. gr. stjórnarskrártillagna Stjórnlagaráðs):**

„Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. / Enginn getur fengið auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja. / Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði, svo sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafs og hafsbots innan íslenskrar lögsögu og uppsprettur vatns- og virkjunarréttinda, jarðhita- og námaréttinda. Með lögum má kveða á um þjóðareign á auðlindum undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar. / Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbæra þróun og almannahag að leiðarljósi. Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almennagæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.“

## **Tillaga formanna flokkanna**

### **Nýframsett uppástunga ríkisstjórnarinnar frá formönnum flokkanna (fengin af Samráðsgátt – opið samráð stjórnvalda við almenning, 11. maí 2019) er svohljóðandi:**

„Auðlindir náttúru Íslands tilheyra íslensku þjóðinni. Nýting auðlinda skal grundvallast á sjálfbærri þróun. / Náttúruauðlindir og landsréttindi sem ekki eru háð einkaeignarrétti eru þjóðareign. Enginn getur fengið þessi gæði eða réttindi tengd þeim til eignar eða varanlegra afnota. Handhafar löggjafarvalds og framkvæmdarvalds fara með forræði og ráðstöfunarrétt þeirra í umboði þjóðarinnar. / Veiting heimilda til nýtingar á náttúruauðlindum og landsréttindum sem eru í þjóðareign eða eigu íslenska ríkisins skal grundvallast á lögum og gæta skal jafnræðis og gagnsæis. Með lögum skal kveða á um gjaldtöku fyrir heimildir til nýtingar í ábataskyni.“

*(Núverandi kerfi byggir á reglugerðum og lögum sem heimila kaup, sölu, endursölu, endurleigu og veðsetningu á auðlind í eigu Íslenskrar þjóðar.) Undirritaður vekur athygli á siðferðis- og eignaréttarþætti þess, hvernig hægt sé að heimila endursölu og endurleigu á veiðiheimildum (í formi syndandi fisks í hafinu) sem ekki var upphaflega greitt fyrir til þjóðar og eru í eigu þjóðar, en slíkt hefur tíðkast með reglugerðum og lögum frá Alþingi umliðna áratugi.*

### **Rök og niðurstaða undirritaðs:**

**Meginrök þess að leiða í lög tillögu auðlindarákvæðis Stjórnlagaráðs**, er að hún var lýðræðislega samin af þjóðfundi sem studdur var af Alþingi og öllum stjórnmalaflokkum, útfærð af Stjórnlagaráði og samþykkt af 2/3 meirihluta þjóðar í löglegri þjóðaratkvæðagreiðslu 20.10.2012, og er því skýr vilji þjóðar. Samþykktar tillögur Stjórnlagaráðs í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20.10.2012, eru að megininntaki niðurstaða þjóðfundarins 2010 sem skipulagður var af Alþingi einróma og studdur öllum flokkum og þjóð. Auðlindir, nýting þeirra, sjálfbærni og afgangur er þjóðinni mikilvægara en svo að réttlæt看legt sé að um þær gildi reglugerðir og lög ríkisstjórna með meirihluta Alþingis frá þingi til þings. Stjórnaskráin þarf að ramma inn og úthýsa núverandi óvissu um eignarhald, rentur og veðsetningu svo hentistefnur í þágu þeirra sem hugsanlega ásælast auðlindirnar fyrir ósanngjarnnt afgangd fái ekki að ráða för. Uppruni alls valds er frá þjóð.

**Meginrök fyrir því að hafna tillögu auðlindarákvæðis nefndar formanna stjórnmalaflokka**, er að hún er ekki samin né samþykkt af þjóð og lýtur því ekki vilja þjóðar, auk þess sem vilji þjóðar stendur skýr, óhaggaður og samþykktur í framangreindri, mun ítarlegri, rökfastari og þjóðhagslega hagkvæmari tillögu Stjórnlagaráðs samþykktur í þjóðaratkvæðagreiðslu 20.10.2012.

Afsláttur í orðalagi og tillögu formannanna er talsverður og gefur tilefni til efasemda um hollustu við þjóð, eiganda auðlindanna, í ljósi reynslu umliðinna áratuga. Uppspretta valds er ekki hjá formönnum né öðrum tímabundið kjörnum fulltrúum þjóðar, heldur hjá þjóð.

### **Að framansögðu:**

Orðalag formannanna er verulega útpynnt frá tillögu Stjórnlagaráðs.

Hvaða haldbæru rök styðja breytta tillögu formanna flokkanna nú, frá samþykktur tillögu stjórnlagaráðs í þjóðaratkvæðagreiðslu, sem sömu flokkar þessara formanna studdu og voru þátttakendur að í breiðri sátt allra flokka, Alþingis og almennings á þjóðfundinum? Inntak og orðalag samþykktur tillagna Stjórnlagaráðs byggja að meginefni á niðurstöðu þjóðfundarins og er mun hagfeldara þjóð en inntak og orðalag í tillögu formannanna.

### **Niðurstaða undirritaðs og hugleiðingar:**

Frumvarpsdrög forsætisráðherra að tillögu formannanna um að ríkisstjórnin semji stjórnarskrárbreytingar í andstöðu við meirihluta þjóðar hljóta að teljast andvana fædd. Tillagan virðist vera tilraun til að tefja og drepa á dreif lögleiðingu hinnar nýju stjórnarskrár Stjórnlagaráðs, samþykkt af meirihluta þjóðar í löglegri þjóðaratkvæðagreiðslu.

Stjórnsýsla sem þessi markar afturför lýðræðis og hnignunar siðferðis og má í því samhengi nefna að traust þjóðar á Alþingi er nú í sögulegu lágmarki eða 18% samkv., nýlegri könnun Gallup og hnignaði milli árána 2018 og 2019 um 34%. Er það ekki alvarlegt umhugsunarefni fyrir forsætisráðherra og stjórnmalastéttina í heild hvernig komið er fyrir Alþingi þegar 10 ár eru liðin frá hruni? Er það ekki áleitinn spurning í huga forsætisráðherra og formanna flokkanna á þessum tímamótum, að því siðrofi og þeirri gjá sem opinberaðist í hruninu fyrir 10 árum skuli vera viðhaldið og breikka?

Þessi frumvarpstilraun formannanna gengur í berhögg við eðli og hefð lýðræðisins og er þjóðinni beinlínis skaðleg enda hagsmunir þjóðar í besta falli skertir í nýrri tillögu formannanna samanborið við samþykktur tillögu Stjórnlagaráðs. Í þessu efni er ekki hægt að horfa framhá sögulegum aðdraganda nýju stjórnarskrárinnar, hruninu og þess siðrofs sem varð milli stjórnmalastéttar og þjóðar. Siðbót Íslenskra stjórnmalá gagnvart þjóð fólst í ítarlegri sannleiksskýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis og nýrri stjórnarskrá Íslendinga. Vilji Íslendinga er skýr og staðfestur í þjóðaratkvæðagreiðslu 20.10.2012 sem er grundvöllur þess sem Alþingi ber að virða án frekari útúrúnunga og tafa. Hverjum þegn Íslands sem ekki hefur persónu-eða flokkstengdan fjárhagslegan ávinning af auðlindum þjóðar er það kristaltært að sanngjarnri rentu þeirra þarf að

skila til eigandans, Íslenskrar þjóðar. Eignarhald, verndun og afnot á auðlindum Íslenskrar náttúru varðar okkur öll. Auðlindarentur snerta velferð okkar og afkomu, börn okkar og menntun, fjölskyldu okkar og heilbrigði, framtíð okkar og menningu, sjálfstæði okkar, sjálfsvirðingu, þjóðarvitund og hamingju. Af þeim er hvorki rétt né sanngjarnt að gefa afslátt.

### **Hugleiðingar um raunverulegan ásetning:**

Fari svo undarlega og ólíklega, að frumvarpsdrög forsætisráðherra að tillögu formanna flokkanna með breyttu orðalagi frá samþykktri tillögu Stjórnlagaráðs, yrði að frumvarpi og lögum á Alþingi, myndi þurfa að rjúfa þing, boða til kosninga og leggja frumvarpið aftur til samþykktar fyrir nýtt Alþingi. Auk þess að leggja frumvarpið fyrir tvö þing, þyrfti væntanlega að gæta jafnræðis gagnvart þjóð og efna í upphafi til þjóðaratkvæðagreiðslu um frumvörpin tvo samhliða, þ.e. frumvarp Stórnlagaráðs og nýtt frumvarp ríkisstjórnar. Það er hægt að álykta sem svo, að slíkt er ekki raunhæft enda næsta útilokað að núverandi ríkisstjórn sem gengi með þessum hætti í berhögg við hagsmuni og vilja þjóðar, myndi ná endurkjöri. Því má álykta að tilgangurinn með þessum frumvarpsdrögum, samráði og skoðanakönnun, sé pólitísk umræðutöf gegn brýnu ákalli þjóðar um hið gagnstæða. Sé það svo, að töf sé raunverulegur ásetningur handhafa valdsins, hlýtur slíkt að teljast skaðlegt lýðræðisþróun og hagsmunum þjóðar.

### **Höfuðeinkenni Íslenskrar Stjórnskipunar**

**Undirritaður leyfir sér að vitna í bókina Stjórnskipun Íslands 1978, önnur útg., Aðaldrættir og grundvöllur Íslenskrar stjórnskipunar, IV þáttur, 1. Sérstök stjórnarskrá, bls 90-91. Bókin er í endurútgáfu höfundar undir ritstj. Gunnars G Schram. Þar skrifar Ólafur Jóhannesson lagaprófessor og fyrrum dómsmálaráðherra og forsætisráðherra eftirfarandi.:**

„Helztu grundvallarreglur og höfuðeinkenni íslenskrar stjórnskipunar eru þessi: Sérstök stjórnarskrá, lýðveldisstjórnarform, greining ríkisvaldsins, þingræði, lýðræði, sjálfsákvörðunarréttur þegnanna og rík mannréttindavernd.“

„Það er höfuðeinkenni íslenskrar stjórnskipunar, að meginrættir stjórnskipulagsins eru ákveðnir í sérstakri stjórnarskrá, sem sett er með öðrum og vandaðri hætti en almenn lög.“ — Jafnframt er á það bent að glöggst verði að greina á milli stjórnarskrárgjafans og almenna löggjafans. — „**Almenni löggjafinn má aldrei ganga inn á svið stjórnarskrárgjafans.** Af þessum sökum verður stjórnarfyrirkomulagið vafalaust haldbetra og varanlegra en ella myndi. Stjórnarskráin getur staðið af sér hin tíðu veðrabrigði stjórnmalanna og stundaráttök þjóðfélagsaflanna. Stjórnarskrána má því með réttu kalla kjalfestu þjóðfélagsins. Hitt er annað mál, að engin stjórnarskrá, hversu vönduð sem er og hversu tryggilega sem um hana er búið, getur staðist til lengdar ef hún er orðin algerlega **andstæð ríkjandi hugarstefnum og þjóðfélagsskoðunum.** Séu slík **straumhvörf** virt að vettugi, og stjórnarskránni haldið óbreyttri, bíða hennar sömu örlög og nátttröllsins í þjóðsögunni, hana dagar uppi og hún verður að steini, dauðum bókstaf, sem enginn hirðir um, hvort sem hún er sett til hliðar með **byltingu** eða með öðrum hljóðlátari hætti. Þeir varnarmúrar, sem reistir eru um stjórnarskrána, mega því ekki verða til þess að stöðva eðlilega framvindu þjóðlífsins.“

**Skýring:** Hér að framan er feitletruð, (af hendi undirritaðs), skýring á aðstæðum sem beinlínis lýtur að því sem seinna raungerðist á Íslandi í eftirmála hruns fjármálakerfisins 2008. Búsáhaldaþynging olli **straumhvörfum** og var raunveruleg **bylting** þegnanna gegn siðrofi sem kafsígldi efnahag þjóðar og afkomu þorra almennings og fyrirtækja í skjóli valdbjögunar, m.a. vegna úreldrar stjórnarskrár samkvæmt niðurstöðu Rannsóknarnefndar Alþingis (2010, 8. bindi, bls. 184): Hvað

felst í framangreindum orðum Ólafs Jóhannessonar lagaprófessors "....**algerlega andstæð ríkjandi hugarstefnum og þjóðfélagsskoðunum**"? Jú, Íslendingar framkvæmdu **byltingu**, komu ríkistjórn frá, settu á stofn Rannsóknar-og Sannleiksnefnd Alþingis (RNA), komust að niðurstöðu um mikilvægi nýrrar stjórnarskrár, sömdu hana, og hafa einarðlega staðfest þá ákvörðun sína með leynilegri kosningu í þjóðaratkvæðagreiðslu 20.10.2012, að tillögur um nýja stjórnarskrá, byggða á niðurstöðum þjóðfundarins, útfært af Stjórnlagaráði, séu nauðsynlegar lýðræði og þjóð.

**Ályktun undirritaðs: Bylting var framkvæmd og ríkisstjórn hrökklaðist frá völdum. Skýrari yfirlýsingu um andstöðu þjóðar við gömlu stjórnarskrána er ekki hægt að gefa. Skýrari yfirlýsingu um „algera andstöðu þjóðar gagnvart ríkjandi hugarstefnum og þjóðfélagsskoðunum“ (gömlu stjórnarskránni) getur engin þjóð gefið.**

*Andstæða sólarljóss er myrkur en þá fara kynjaverur á kreik. Þegar upplýst og björt þjóð endurheimtir lýðræðisleg völd er eðlilegt að myrkaöflin láti steinrunnin undan síga. Slíkt gerist þó sjaldan án braks og bresta. Leiktjöld hagsmunastjórn mála umliðinna áratuga féllu í hruninu sem Rannsóknarnefnd Alþingis varpaði ljósi á með umfangsmestu sannleiksskýrslu Íslandssögunnar. Eftir stóð gamla stjórnarskrá lýðveldisins sem molnandi nátttröll og áður skjól hinna myrku aflu.*

### **Sjálfsákvörðunarréttur þjóðarinnar**

**Áframhald í tilvitnun í Stjórnskipun Íslands IV þáttur, 6. Sjálfsákvörðunarréttur þjóðarinnar bls 97.**

"Það hafa löngum verið skiptar skoðanir um það, hvar ríkisvaldið ætti eiginlega upptök sín, hver væri frumuppspretta þess. Konungar töldu áður fyrr vald sitt runnið frá guði. Þeir töldu sig ríkja af guðs náð. Þeir gáfu svo þingunum hlutdeild í valdi sínu. Þessu gagnstæð er sú kenning, að frumuppspretta ríkisvaldsins sé hjá þjóðinni. Sú kenning var sett fram í heimspekiritum á átjándu öld. Skýrast kom hún fram í riti Rousseau „Contrat social“, sem kom út árið 1762. Þessi kenning hlaut viðurkenning í frönsku mannréttindayfirlýsingunni frá 1789. Í 3.gr. hennar var svo fyrir mælt: „**Allt þjóðfélagssvald á rætur sínar hjá þjóðinni. Engin stofnun og enginn einstaklingur geta farið með vald, nema beinlínis þaðan sé runnið.**” Og í 6.gr. mannréttindayfirlýsingarinnar var m.a. komist svo að orði: "**Í lögnum birtist almannaviljinn.** Allir borgarar eiga rétt á að taka þátt í samningu þeirra, annaðhvort sjálfir eða með kjörnum fulltrúum." Ákvæði í þessa átt hafa síðan verið tekin upp í ýmsar stjórnarskrár.

Fyrsta stjórnarskrá Íslands, stjórnarskráin frá 1874, var sem kunnugt er gefin af konungi. Hún var því eigi byggð á þeirri kenningu, að hið sameinaða þjóðfélagssvald væri frá þjóðinni runnið. Stjórnarskráin frá 1920 var samþykkt af Alþingi, það síðan rofið lögum samkvæmt og efnt til nýrra kosninga. Síðan var hún samþykkt af nýju þingi og staðfest af konungi. Samt verður naumast staðhæft, að hún hafi byggst á kenningunni um sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar. **Öðru máli gegnir aftur á móti um lýðveldisstjórnarskrána. Hún er ótvírætt byggð á þeirri skoðun, að uppspretta ríkisvaldsins sé hjá þjóðinni sjálfri. Sú kenning er raunverulega grundvöllur stjórnarskrárinnar og lýðveldisstofnunar.** Þegar sambandslagasamningurinn við Dani var niður fallinn 1944, var á því byggt, að Íslenska þjóðin hefði óskoraðan rétt til að setja sér stjórnarskrá og velja sér stjórnarform. **Stjórnarskráin og stjórnarformið, sem talið var, ber og vitni þeirri skoðun, að ríkisvaldið eigi upptök sín hjá þjóðinni.** Sú stefna lýsir sér í kjöri þjóðhöfðingja og þings og kemur einnig fram í því, að tiltekin löggjafarmálefni skal bera undir þjóðaratkvæði, sbr. 11. gr., 26. gr. og aðra mgr. 70. gr. stjkskr.....**Sjálfsákvörðunarréttur þjóðarinnar er samkvæmt þessu grundvallarregla Íslenskrar stjórnskipunar.**"



**Undirritaður leyfir sér að vitna í grein í Vísi þann 31.10.2012 eftir Björgu Thorarensen lagaprófessor:**

**„Stjórnskipun Íslands byggist á þeirri grunnhugmynd vestrænna lýðræðisríkja að uppspretta alls ríkisvalds kom frá þjóðinni. Í því felst að þjóðin hefur endanlegt vald til að ákveða þær leikreglur sem handhafar ríkisvalds skulu fylgja. Með öðrum orðum; þjóðin er stjórnarskrárgjafinn.** Öll lýðræðisríki byggja stjórnskipun sína á grunnstoðinni um uppsprettu valdsins. Gilda jafnan reglur um setningarhátt og síðari breytingar á stjórnarskrá sem tryggja vandaða málsmeðferð og gera breytingar örðugri en á almennum lögum. Þær stuðla að samhljómi og sátt milli þjóðarinnar og þjóðkjörinna fulltrúa um kjölfestu stjórnskipulagsins. Spornað er við því að stjórnarskrárbreytingar stjórnt af dægursveiflum um pólitísk deiluefni og naumum sitjandi þingmeirihluta á hverjum tíma eða minnihluta kjósenda í háværum þrýstihópum, sem reiða sig á þögn meirihlutans.“

**Niðurlag: Uppspretta ríkisvaldsins er hjá þjóðinni. Þjóðin er stjórnarskrárgjafinn. Þjóðin samdi nýja stjórnarskrá sem hún samþykkti í þjóðaratkvæðagreiðslu 20.10.2012.**

### **Hugleiðingar um Íslensk stjórnsmál og lífið**

Það er auðvelt fyrir okkur sem ekki tóku þátt í stjórnsmálum liðinna tíma, að horfa til fortíðar og benda á það sem betur mátti fara, mjög auðvelt. Á barnsfótum lýðræðis verða mistök stjórnsmálamanna mörg. En stjórnsmálamaenn eru einungis spegill þeirrar menningar og valds sem þegar þeirra láta í té. Í þeim efnum erum við, öll sem eitt, samábyrg fyrir því ástandi, jákvæðu eða neikvæðu sem við blasir. Við erum breyskar mannverur á lærdómsleið en til þess að uppskera þurfum við að vinna saman, öll sem eitt, þó hvert sinni sínu hlutverki.

Öll erum við Íslendingar skyld, tengd órofa böndum, og bregðumst því sjálfum okkur, er við lítum undan neyð samborgara okkar.- Neikvæð myndbirting eigingirni og sjálfhverfu fárra er fátækt margra, og hefur verið hringekja mannglegrar hegðunar of lengi. Samfélag okkar þarf minni græðgi og meiri kærleika.

Amma mín brýndi fyrir mér þann einfalda sannleik; að það sem sagt er skuli standa. Við efndir þessarar setningar hef ég glímt all ævi og geri enn. Hvernig getur stjórnsmálamaður lifað með sjálfum sér, sem einn maður, ein vitund, ef siðferðisviðmið og gildi eru misjöfn eftir þeim skyldum sem hann rækir hverju sinni, sem þingmaður, ráðherra, faðir, móðir, afi amma, systir eða bróðir?

Getur samviska okkar verið háð valkvæði aðstæðna? Samviskan hefur stundum verið túlkuð sem leiðarvísir æðri vitundar. Þeir sem trú á Guð þekkja andans tengingu við samviskuna. Þeir sem trú ekki á Guð þekkja samviskuna. Hvor hópurinn sem er, veit og skynjar að samviskan eða Guð vakir yfir okkur öllum, hið ytra sem innra, til leiðeiningar á vegi dyggðarinnar. Okkur hefur lærst að göngum við gegn samviskunni og betri vitund, líður okkur illa en vel ef við þíðumst hana. Um samviskuna og sannleikann þurfum ekki að lesa okkur til í frumspeki eða fræðum. Okkur er þessi meðvitund borin.

Við þurfum að víkka sjóndeildarhringinn, rækta kærleik, gangast við skyldleika okkar og meðtaka þjóð sem þá stórfjölskyldu sem við erum. Són á orku okkar sem samfélags, í streitu, gagnrýni og reiði í garð hvors annars, drepur á dreif sameiginlegri skyldu okkar að umbera og elska hvort annað, rækta lýðræðisvitund, efla menntun, velferð, hag og hamingju. Neikvæð streita hefur lamandi áhrif á heilastarfsemi og hugarorku og er því bersýnilega neikvæð í þjóðhagslegum skilningi. Við sem þjóð þurfum að hugsa og skapa og til þess þurfum við, m.a. öryggi, hvíld, holla næringu, menntun, gleði, drauma og bjartsýni. Ef athyglin fer í endalaust karp um vanhöld hvors annars og aurabasl, missum við sjónar af þeim tækifærum sem fara hjá. Um þetta höfum við nærtækt og sársaukafullt dæmi, hrunið, sem má álykta að taki 2-3 kynslóðir að vinna úr og jafna sig á. Hrunið er löngu orðið að tímatali í okkar sögu.

Við Íslendingar sýndum með sannleiksskýrslu RNA að við gátum rýnt í eigin barm, iðrast, fyrirgefið og lært. Við sameinuðumst öll sem eitt og settum á stofn þjóðfundinn. Við sömdum okkur lýðræðislegri stjórnarskrá og unnum að sátt, sannleika og fyrirgefningu, sem innblés okkur sameiginlega von og dauma. Til varð hugtakið gamla og nýja Ísland til að aðskilja okkur frá vonleysi liðinna tíma og fylla okkur væntingu og birtu komandi tíma. Lýðræðisumbætur meðal þjóða hafa aldrei raungerst án árekstra og átaka milli valdstétta og alþýðu. Um þetta vitnar einnig okkar saga. Yfirgripsmikil sannleiksskýrsla í níu bindum opinberaði það sem okkur grunaði en vildum ekki opna augun fyrir, Íslensk stjórnsýsla var slæm, mjög slæm. En nú bauðst okkur tækifæri til að vakna upp af martröð umliðinna áratuga og líta augum bjartari tíma. Áföll og harmur hrunsins svipti burt möru þræslundar, og heimóttar, og skilaði okkur hugdjarfri og endurlífgaðri þjóðarsál. Okkur var ljóst að gamla Ísland, það sem við kvöddum með sárum tárum, var liðið undir lok.

Tilvistarkreppa Íslenskrar stjórnmalastéttar snýst ekki um vinstri, hægri eða miðju. Hún snýst um mannlegt eðli, sjálfhverfu, hroka, fé, og valdgirnd. Við þessum sammannlegu brestum er engin skjótvirk lausn önnur en að hvert okkar fyrir sig líti í eigin barm, rækta andann, leiði hugann að æðri gildum lífsins, iðrist, fyrirgefi, og geri náunganum og sjálfum sér betur í dag en í gær, því það sem við gerum öðrum til góðs, umbunar lífið okkur. Stjórnmalamenn eru þessu lögmáli ekki undanskildir frekar en við öll.

Það er þjóðinni engin fróun lengur að sjá stjórnmalamenn í viðtölum fjölmiðla, iða í skinninu, vipra andlit og ranghvolfa augum við að fara með ósannleik sem allir sjá í gegnum. Þjóðin er nefnilega glöggskygnari í dag en hún var fyrir 10 árum síðan. Þessum tímum er lokið á Íslandi og við taka tímar heiðarleika, hugsjóna og andargiftar. Nú þarf að gefa röddum góðra stjórnmalamanna gaum. Þær eru til, en eru ekki margar, þær heyrast, en eru ekki háværar.

Þjóðin vill að hagsæld ríki, útgerð blómstri, orkufyrirtæki hagnist og fjármalastofnanir og fyrirtæki dafni að verðleikum. Þetta þarf að vera á þeim forsendum að allrar sanngirni sé gætt, og að hvorki verði illa gengið um auðlindir, né arðrán heimilt eða mannréttindi fótum troðin. Það er nefnilega brot á andlegum, siðferðislegum og lýðræðislegum mannréttindum þegnanna, og afkomenda þeirra að virða ekki auðlindir og sanngjarnt afgald þeirra.

E.t.v. er glíma andans við efnið dagleg áskorun þess einstaklings, sem fer með völd og fjármuni þegna sinna. Einstaklingur sem t.d. er eingöngu knúinn áfram af græðgi, verður henni ofurseldur og glatar gjarnan tengingu við annan veruleika en þann sem færir honum arð eða völd. Lífið í sínum fjölbreyttu litum og dýrð verður honum einsleitt að öðru leiti en þröng sýn á takmarkaða þætti veruleikans, sem mynda mögulegan farveg fyrir fjár-og eignamyndun. Peningar og völd verða hið ráðandi gildismat lífsins. Tengsl vina, fjölskyldu og vinnufélaga verða hagsmunatengsl, eða lítil sem engin ella. Lífshlaupið verður lítið annað en námagröftur og leiðangur eftir peningum og eignum af þeim toga sem takmörkuðum sálarþroska eða æðri auð skila. Sá gráðugi nýtur t.a.m. ekki lista nema gildi sköpunarinnar sé mælanleg í peningum eða ásókn annarra til verksins, en ekki vegna næmi hans og hrifningar á listsköpuninni sjálfri. Í huga þess gráðuga taka dauðir hlutir á sig líf og hið eiginlega líf deyr anda sínum.

Ef einstaklingur sækir í völd í umboði fjöldans á það að vera hans helga markið að þjóna fjöldanum. Ekki að koma fyrir meðal lamba sem úlfur í sauðagæru.

Valdið lýtur efnisheiminum og er erfitt að höndla í auðmykt vegna hrópandi andstæðna efnis og anda. Ég velti stundum fyrir mér hvernig einstaklingur í valdastöðu, t.d. stjórnmalamaður getur auðsýnt kærleika í garð lítilmagnans eða fjöldans og verið einskonar lifandi hugsjón réttlætis og göfugmennsku. Eftir þessu er óskað.

Valdið í eðli sínu þjagar sjálfsvitund þess sem valdið fer með, tímabundið eða til langframa. Huglæg skilgreining valds hvers og eins, er einstaklingsbundin áskorun, gömul og ný. Sú áskorun stjórnmalamanna að fara með umboð sitt af auðmýkt og virðingu í þágu heildarhagsmuna þjóðar, er raunveruleg og aðkallandi. Þjóðin hefur ekki langlundargeð til frekari rangbreytni, tafa eða trassaskapar af hálfu stjórnmalastéttarinnar. Störf ráðamanna snúast um það að vera góðir valdsherrar eða vondir. Þolinmæði þjóðar er þrotin gagnvart þeim vondu sem ætti að vera öllum ljóst. Nú þarf þjóðin skilning og frið til að vaxa og þroska lýðræðisvitund sína og sjálfsvirðingu.

Undirritaður ráðleggur formönnum og kjörnum fulltrúum að breyta um betur og virða vilja þjóðar. Þjóð hefur þegar samið sér góða langþráða stjórnarskrá og uppruni valdsins er hennar.

Reykjavík 29.06.2019

Árni Már Jensson kt 230459-3049